

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2013

### **Efni: Einföldun á regluverki í landbúnaði**

Vísað er til erindis Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dagsett 12. september 2013 þar sem óskað var eftir tillögum Félags atvinnurekenda (FA) í tengslum við einföldun á regluverki á sviði landbúnaðar. Ljóst er að félagsmenn Félags atvinnurekenda hafa mikla hagsmuni af því að vel takist til þegar bætt er úr þeim annmörkum sem nú eru á regluverki landbúnaðarins, og þá sérstaklega í tengslum við innflutning. Það er að auki afar mikilvægt að allt regluverk og önnur umgjörð atvinnurekstrar á Íslandi stuðli að heilbrigðri samkeppni. Flókið regluverk getur augljóslega verið aðgangshindrun inn á ýmsa markaði.

Félag atvinnurekenda leggur til eftirfarandi breytingar á þeim reglum sem lúta að innflutningi á landbúnaðarvörum:

#### **1. Afnáam tolla af hráu kjöti og kjötvörum frá EES ríkjum:**

Í dag eru miklar hömlur lagðar á innflutning á hráu kjöti og öðrum unnum kjötvörum frá EES ríkjunum. Íslenska ríkið hefur í því skyni vísað til heilbrigðissjónarmiða og gert þá kröfu að innflytjendur fái leyfi fyrir innflutning á slíkum vörum. Telur FA þá starfshætti ganga gegn þeim skuldbindingum sem íslenska ríkið undirgekkst við undirritun og lögfestingu á EES-samningnum. Lagt er til að innflutningshöft þessi verði afnumin.

#### **2. Samræming tollálagningar á grænmeti frá þriðju ríkjum:**

Grænmeti er mjög vinsæl vara og íslenskri framleiðslu vegnar mjög vel enda eru gæðin og markaðssetning orðin slík að ekki er lengur þörf á verndartollum á því sviði. Félag atvinnurekenda telur mikilvægt að halda áfram með þá vinnu, sem hafin er, við að afnema verndartolla af grænmeti og auka þannig samkeppni á íslenskum markaði og lækka að sama skapi matvælavæð.

Enn frekar eiga framangreind rök við þegar fluttar eru inn grænmetistegundir sem ekki eru framleiddar hér á landi. Í því skyni má nefna *sætar kartöflur*. Mikil eftirspurn neytenda er eftir þeirri vöru sem hefur aukist hratt á milli ára eftir að fluttar voru inn vörur frá Bandaríkjunum. Almennur tollur á þeirri vöru er 30% verðtollur. Enginn íslenskur grænmetisbóndi framleiðir umrædda vöru né heldur er hægt að fá sambærilega vöru frá þeim ríkjum sem Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við. Sú vara sem fæst út í búð ber því 30% verðtoll. Á sama tíma þá ber flest annað grænmeti annað hvort 0% eða 10% toll. Engin haldbær skýring er á þessum mun. Það er því alveg ljóst að þörf er á að samræma tolla á grænmeti innan tollskrárinnar, gera álagninguna sanngjarna og stuðla að sama skapi að lækkuðu matvöruverði. FA leggur til að tollar verði lækkaðir á innfluttu grænmeti.

### 3. Einföldun regluverks um matvæli:

FA vill benda á þá brotalöm sem eru á íslensku regluverki í tengslum við eftirlit með innflutningi á landbúnaðarvörum. Umrætt regluverk er flókið og óaðgengilegt. Umfangsmikil innleiðing hefur átt sér stað á ESB-reglum á þessu sviði í gegnum EES samninginn sem leiðir til þess að torsótt er fyrir einstaklinga og fyrirtæki að leita sér upplýsinga í lögum um skilyrði innflutnings á landbúnaðarvörum. FA mælir með því að leitað sé leiða til að einfalda regluverkið og setja fleiri efnisreglur í íslensk lög og draga þannig verulega úr tilvísun í afleiddar réttarheimildir ESB-réttar.

FA fagnar viðleitni ráðuneytisins til að einfalda regluverk á sviði landbúnaðar og vonast til þess að haft verði hliðsjón af ofangreindum athugasemdum félagsins í þeirri vinnu. FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og óskar eftir fundi með ráðherra um efni þessa bréfs.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda